



VÖKUEILD

Stuðningssamtal

Upphaf að árangursríkri samvinnu






Kæra foreldri

Til hamingju með barnið þitt og velkomin/n á Vökudeildina.

Á Vökudeildinni vinnum við markvisst að því að þú og barnið þitt fái þá þjónustu sem þið þurfið á meðan á innlögn stendur. Hluti af þessari þjónustu eru vikuleg samtöl við hjúkrunarfræðing/ljós móður barnsins þíns.

Í viðtölunum gefst þér kostur á að tjá áhyggjur þínar, tilfinningar, þarfir og óskir og er þessum bæklingi ætlað að vera hvatning til þess. Aðeins þú veist hvernig þín upplifun hefur verið og til þess að við getum stutt þig sem best er nauðsynlegt að við fáum nokkra hugmynd um hugsanir þínar og líðan.

Hér á eftir eru spurningar sem þú getur velt fyrir þér og svarað fyrir fyrsta samtal við hjúkrunafræðing/ljós móður. Það getur verið gagnlegt að setja tilfinningar, upplifanir og þarfir í orð. Það hjálpar okkur einnig við að leggja áherslu á það sem skiptir þig mestu máli.



Starfsfólk Vökudeildar


Fyrsta viðtal

Dagsetning: _____ kl: _____

Samtalið mun taka 15-30 mín. og tekur mið af því sem þú hefur þörf fyrir að tala um á þessari stundu.

Það sem við náum ekki að ræða um núna getum við rætt í seinni samtölum.

Á næstu síðu eru spurningar sem þú getur notað til að undirbúa þig fyrir samtalið.



Á bls. 5 er skapalón og autt svæði ætlað fyrir fjölskyldutrú og tengslakort.

Í lok samtals ræðum við

- Hvaða upplýsingar verða skráðar í sjúkraskrá
- Hvernig starfsfólkið getur best stutt þig
- Tímasetningu fyrir næsta viðtal

Hugleiðingar fyrir viðtalið

- Hvernig líður þér núna – hvaða hugsanir og vangaveltur koma upp í hugann?
- Hvernig upplifðir þú tímann og aðstæður sem leiddu til innlagnarinnar?
- Hvaða stuðningsaðila hefur þú? Er einhver sem þú myndir vilja fá stuðning frá?
- Er eitthvað varðandi umönnun og meðhöndlun barnsins þíns sem þú hefur þörf fyrir að fá að vita meira um?
- Er eitthvað í þínum aðstæðum sem veldur þér áhyggjum (s.s fjölskylduaðstæður, búseta, atvinna, fjárhagsvandi)?
- Hvernig og að hve miklu leyti óskar þú eftir að taka þátt í umönnun barns þíns að svo stöddu?
- Er eitthvað sem við getum gert til að auðvelda þér daglegt líf?





ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI VÖKUEILD DESEMBER 2018 - LSH 1645

ÁBYRGÐARÁÐILI:
DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR VÖKUEILDAR

LJÓSMYNDIR:
SHUTTERSTOCK.COM

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD LSH